

BORGARRÁÐ 21. desember 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ástæður ráðgjafakaupa hjá Reykjavíkurborg - MSS23120148

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um ástæður kaupa Reykjavíkurborgar á kaupum á utanaðkomandi ráðgjöf sbr. svar við fyrirspurn fulltrúans sem lagt var fram á fundi borgarráðs 21.12.23 sbr. 30. liður fundargerðarinnar en þar kemur fram að á þessu ári höfðu kaup á ráðgjöf af ýmsu tagi aukist um nær 40% frá fyrra ári. Einnig er óskað upplýsinga um það hvernig stjórnun á slíkum verkkaupum er háttað, hvort og/eða hvaða eftirlit er með slíkum verkkaupum? Er til staðar fjárhagspak eða geta sviðin ákveðið ein og sér hversu mikið þau veita af sínum rekstrarfjármagni í ráðgjafakaup? Getur verið að um sé að ræða toppinn á ísjakanum í ljósi þess að bókhaldslyklar gefa stjórnendum aðeins grófa mynd af rekstri skipulagseininga? Flokkun á sérfræðikostnaði er færður á lykla sem segja til um starfsgrein sérfræðingsins en ekki eðli þjónustunnar. Miðað við hvað það var erfitt að ná þessum upplýsingum fram þá ætti að leggja áherslu á að bókhald borgarinnar sé þannig fært að það eigi að vera mjög auðvelt að keyra þessar upplýsingar út. enda er bókhald fært til þess að rekstur fyrirtækis/stofnunar/félags sé gegnsær og allar upplýsingar sem hann varðar séu aðgengilegar.